



Vegagerðin, Vestursvæði
Borgarbraut 66
310Borgarnes

Reykjavík, 29. janúar 2021
UST202011-056/H.R.A.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í ákvörðun sína frá 27. nóvember 2020 þar sem stofnunin veitti Vegagerðinni áminningu vegna frávika er skráð voru í eftirliti stofnunarinnar hjá Vegagerðinni Ísafirði þann 19. ágúst sl. Frestur var veittur til 10. desember sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun. Þann 9. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Stærð lekavarnarþróar nær ekki 90% af stærð stærsta geymis skv. ákvæðum starfsleyfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður lekaþró stækkuð og þá væntanlega með hækkun veggja þar sem lóðarstærð leyfir tæplega stærri þró. Áætlað er að framkvæmd verði lokið fyrir 1. júní 2021, en fram til þess tíma er birgðastaða geymis þannig að þróin rúmar margfalt það magn er um ræðir.**
- Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2015. Þó skiljurnar séu þjónustaðar reglulega þarf samt sem áður að gera mælingu skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Skv. rekstraraðila mun mæling fara fram á næstu vikum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila voru mælingar framkvæmdar 17. ágúst sl. og olíuþró tæmd í framhaldinu. Olía var ekki mælanleg í olfugildru. Við framkvæmd mælingarinnar voru notaðir sýnatökupinnar frá Olíudreifingu. Í framhaldi var þró tæmd af Terra holræsahreinsun og gengið var úr skugga um að lagnir væru líka hreinar. Rekstraraðili hefur gert ráðstafanir til að regluleg hreinsun muni uppfylla kröfur starfsleyfis.** Umhverfisstofnun fellst á úrbætur rekstraraðila en bendir þó á að mikilvægt sé að senda niðurstöður mælinga til stofnunarinnar. Jafnframt vill stofnunin áréttu að séu sýnatökupinnar notaðir við slíkar mælingar þurfi annað hvort að taka sýni þegar eftirlitið fer fram, þ.e. að viðstöddum eftirlitsmanni eða í gegnum myndfund með eftirlitsmanni. Að öðrum kosti þurfi að taka sýnatökuna upp á myndband og senda til stofnunarinnar ásamt niðurstöðum mælinga.

3. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Þrýstiprófa átti löndunarbarka árið 2019 en í ljós kom að ekki er hægt að þrýstiprófa þá með venjubundnum aðferðum. Rekstraraðili skal leggja fram aðrar tillögur um viðeigandi prófanir á borkunum til eftirlitsaðila til samþykktar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur ekki tekist að framkvæma þrýstiprófun barka. Rekstraraðili hefur leitað ráða og kynnt sér ýmsa möguleika til að framkvæma þrýstiprófun en hefur ekki fundið heppilega lausn til framkvæmdarinnar. Farin hefur verið sú leið að panta nýja barka til að takmarka notkunartíma. Nýir barkar er áætlaðir til landsins í vetur og verða tilbúnir til notkunar á bikstöðvum Vegagerðarinnar 1. júní nk. eða eftir seinni tíma mati.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **27.060 kr**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur